

# Lokakynningar raunhæfra hugmynda

Nýsköpunarstofa apríl 2018

Gunnhildur Peiser  verkefnastjóri MPM

# Verkefnissáttmáli

Mikilvægt er að vinna saman að lausnum um framúrskarandi þjónustu við hruma aldraða Íslendinga.

Hugmyndir sem bjóða upp á viðeigandi stuðningsúrræði í heilsufarsáskorunum elstu borgararanna og tryggja þeim stuðning í samræmi við óskir þeirra, þarfir og réttindi  samkvæmt lögum.

**Framúrskarandi þjónusta felur meðal annars í sér:**

> Að hinn aldraði og fjölskylda hans hafi aðgengi að heildrænni þjónustu verði breytingar á heilsufari, sjálfbjargargetu eða færni. Að hinn aldraði og fjölskylda hans upplifi tafarlausan stuðning þegar þeir sækja þjónustu, greiningu, meðferð eða umönnun hvort heldur er í sjálfstæðri búsetu eða í vistunarúrræði jafnt í heilbrigðisþjónustu
> sem og félagsþjónustu.



**Heildræn þjónusta einkennist meðal annars af:**

- Þjónusta er veitt á réttum stað á réttum tíma
- Laus við bið og tafir
- Laus við óþarfa endurkomu
- Laus við endurtekningu og sóun á tíma og kröftum
- Þjónusta er veitt af þeim fagaðila sem best getur leyst hans mál hverju sinni
- Sjúklingur fær upplýsingar á þann hátt sem hann skilur, getur varðveitt og nýtt sér
- Sjúklingi sé gert fært að láta í té upplýsingar án þess að vera beðin/nn um endurtekningar
- Sjúklingur fær heildstætt mat á heilsufarsvanda sínum og gert er meðferðarplan sem tekur mið að heildrænum þörfum
- Viðmót er hlýlegt og fólk upplifir sig velkomið
- Hægt er að treysta fagmennsku og færni starfsmanna
- Aðbúnaður á þjónustustað tekur mið af þörfum skjólstæðinganna



Þetta er krefjandi verkefni og mun ekki leysa allar áskoranir aldraðra á Íslandi.

*En* - að það settar eru fram tillögur að fyrirmyndar þjónustu ásamt tímamarkiðum og skilgreind fjögur verkefni sem raunhæft er að hefja á næsta ári.

.






# 1. Vegvísir - ein gátt

Nýsköpunarstofa apríl 2018

# Hvaða vandamál erum við að leysa??

- Hver er vandinn?
  - Skortur á samræmingu
  - Bið og sóun í kerfinu
  - Skortur á trausti
- Er hann algengur eða alvarlegur?
  - Já og já
  - Það er ekki verið að nýta þjónustuna á réttu þjónustustigi
  - Mikilvægt að forgangsraða þjónustu vegna takmarkaðrar auðlindar
- Fyrir hverja er lausnin?
  - Þá sem þurfa vegvísun til viðeigandi þjónustuaðila
  - Fyrir allt landið

# Hver er lausnin á vandamálinu?

- Hvað á að gera?
  - Opna Vegvísi um heilbrigðis- og velferðarkerfið þar sem aðgengi er í gegnum síma, netspjall og/eða app
  - **8384 eða 7777**
- Hver á að gera það?
  - Samfélagslegt verkefni ríkis og sveitarfélaga og allra undirstofnana þeirra
  - Unnið í gegnum heilbrigðisumdæmin
- Hvaða þarf til þess að það gangi upp?
  - Vilja til að gera þetta
  - Traust milli allra aðila
  - Samræmd upplýsingakerfi
  - Raungera hlutverk tengiliðs í sameinaðri heilsugæslu/heimaþjónustu/félagsþjónustu
  - Kynningarherferð

# ÞJÓNUSTUGÁTT





- TEYMI SEM SVARAR
- FAGAÐILAR
- SVARA EFTIR BRÁÐLEIKA
- AÐGANGUR AÐ SAMRÆMDUM UPPLÝSINGUM
- SKRÁ Í SAMEIGINLEGA SJÚKRASKRÁ

SÁLRÆNN STUÐNINGUR

\# SÍMI
\# NETSPJALL
\# APP

24/7

ÚRRÆÐI
- þurfa að geta bókað í úrræði (viðtöl, símtöl)

- 112
- Heilsugæsla (skilaboð, bókanir)
- Heimahjúkrun
- Bráðamóttaka
- Göngudeildir sjúkrahúsa
- Sjúklingasamtök
- Hjálparsímar
- Félagsþjónusta

✡ SAMÞÆTTA FÉLAGSÞJÓNUSTU, HEIMAHJÚKRUN OG HEILSUGÆSLU Á ...

# Hvernig má koma því í tilraunaframkvæmd?

- Hvernig á að gera þetta?
  - Stofna stýrihóp frá heilbrigðisumdæmunum
  - Stofna stigaða undirbúningshópa lykilaðila

- Hvenær á að gera þetta?
  - Stýrihópur af stað 1. september 2018
    - Skilgreinir og undirbýr verkefnið
  - Undirbúningshópar af stað 1. janúar 2019 – skila mati 1. maí 2019
  - Þjálfun starfsfólks frá 1. maí til 15. ágúst 2019

**Opna fyrir símann 1. september 2019**

## STYRKLEIKAR

- VEL ÞJÁLFAÐ TEYMI
- EITT LANDSNÚMER Á ÞRJÁ VEGU
- EINFALT Í NOTKUN
- STÝRA FLÆÐI
- BETRI NÝTING ALLRA ÚRRÆÐA
- AÐGENGILEGT
- AUKIÐ ÖRYGGI
- FYRIRMYNDIR TIL ANNARS STAÐAR
- KOMA MÁLUM Í RÉTTAN FARVEG STRAX (RÉTT ÞJÓNUSTUSTIG)

## VEIKLEIKAR

- HEILBRIGÐISUMDÆMIN MISSTÓR OG HAFA MISMUNANDI AÐFÖNG
- AÐ HEILSUGÆSLA, FÉLAGSÞJÓNUSTA OG HEIMAHJÚKRUN SÉ EKKI UNDIR SAMA HATTI

## ÓGNANIR

- KJARAMÁL OG MÖNNUN
- FJÁRMAGN
- SKORTUR Á SAMRÆMINGU
- TÖLVUKERFIN EKKI SAMRÆMD
- BYRJUNARÖRÐUGLEIKAR

## TÆKIFÆRI

- AUKIN SAMVINNA
- FJÁRMAGN SPARAST
- HLUTI AF SAMHÆFINGARMIÐSTÖÐ
- LÆRÐ HEGÐUN Á BREYTTRI HEGÐUN
- MINNKAR ÁLAG ALLS STAÐAR Í KERFINU

# Hver er ágóðinn af lausninni?

- Hverju ætti verkefnið að skila?
  - Öryggi
  - Skilvirkni
  - Teymisvinna
  - Fagaðilar
  - Minni sóun
  - Betri og réttari þjónustu fyrir skjólstæðinga

***Samræmd þjónusta fyrir alla landsmenn***

# 8384 eða 7777




# 2. Heilsuvernd aldraðra

Nýsköpunarstofa apríl 2018

# Virkni og vellíðan – hvernig náum við til þeirra sem ekki stunda forvarnir eða heilsueflingu

- Einangrun og óvirkni. Einstaklingar sem ekki taka þátt í heilsueflingu og eru einangraðir og kvíðnir.
- 18% aldraðra eru einangraðir og einmanna skv.  Gallup könnun. Vaxandi þunglyndi meðal aldraðra.
- Tilraunahópurinn verður allir einstaklingar fæddir 1948 og búa í Hlíðunum. Skima sérstaklega fyrir þeim sem eru einangraðir og þurfa ´tog´í verkefnið.

# Markviss leit að þeim sem ekki taka þátt í félagsstarfi og virkni.

- Hvað á að gera – Bjóða öllum fæddum 1948 á kynningu um almenna heilsueflingu. Vikuleg dagskrá í 10 vikur þar sem tekið verður fyrir mikilvægi hreyfingar, næringar, lífsstíls og hugrækt. Hluti námskeiðsins verður ´ástvinaskóli´.
- Hringt verður í alla sem ekki mæta og þeim boðið að koma í viðtal eða boðin heimsókn. Eftirfylgni eftir 6 mánuði.
- Hver á að gera það? Samþætt verkefni heilsugæslu og félagsþjónustu. Leggjum til að byrjað verð með þetta sem tilraunaverkefni í heilsugæslu Hlíðahverfis.
- Hvað þarf til þess að það gangi upp – Fagfólk, liðsstjóra, húsnæði, samvinnu, þjálfun og trú á verkefnið.

# Hvernig má koma því í tilraunaframkvæmd?

- Mjög framkvæmanlegt. ´Just do it´
- Finna þarf út hvað  þetta er stór hópur sem vinna þarf með. Sennilega um 90 – 100 einstaklingar.
- Gera má ráð fyrir að um þriðjungur sé óvirkur og þarf að vinna meira með.
- Gerum ráð fyrir að byrja 1. september 2018.
- Úthringingar byrja strax í september og fyrsta námskeiðið verður haldið 10.10.2018 kl. 10.

# Hver er ágóðinn af lausninni?

- Koma í veg fyrir ótímabært færnitap og hrörnun.
- Tryggja þátttöku allra í virkni og heilsueflingu, sem fæddir eru 1948 og eru búsettir í hverfinu.
- Auka virkni, hamingju og gleði.



# Hver er ágóðinn af lausninni?

- Aukin lífsgæði einstaklingsins
- Aukið öryggi
- Þjónusta við hæfi og úrræði nýtt betur
- Gripið fyrr inn í ef versnum verður á heilsufari
- Minni þörf fyrir bráðaþjónustu eða sjúkrahúsvist
- Minni þörf fyrir stofnanavistun
- Minna álag á ættingja
- Stuðningur við ættingja




# 3. Þjónusturáðgjöf við aldraða

Nýsköpunarstofa apríl 2018

# Hvaða vandamál erum við að leysa??

- Skortur er á samfellu í þjónustu
- Einstaklingurinn fær ekki eða veit ekki hvaða þjónustu hann getur fengið
- Er mjög algengur og alvarlegur vandi sem leiðir til sóunar
- Ekki rétt þjónusta á réttum stað
- Vaxandi heilsuvandi
- Sundurslitin þjónusta og tvíverknaður

# Fyrir hvern er ávinningurinn

- Fólk sem er einmana og óöruggt
- Þá sem eru með fjölþættan heilbrigðisvanda
- Þá sem ekki eru að fá þá þjónustu sem þeir þurfa
- Þeir sem leita oft til BMT
- Þeir sem bera sig ekki eftir þjónustu eða þurfa málssvara innan heilbrigðiskerfisins

# Hver er lausnin á vandamálinu?

- Skilgreina hlutverk aðila innan heilsugæslunnar sem getur haft yfirsýn yfir heilbrigðis- og félagskerfið og getur tekið að sér að halda utan um þarfir einstaklings fyrir þjónustu
- Mögulega heitir sá aðili:
  - Tengiliður heilsugæslu
  - HÖR ráðgjafi, Heilsugæslu öldrunar ráðgjafi
  - Heilbrigðisráðgjafi

# Þessi samhæfingaraðili tekur við ábendingum frá:

- Einstaklingur eða fjölskylda hans hafa samband og biðja um aðstoð
- Tilvísun frá heimilislækni
- Tilvísun frá heimaþjónustu
- Tilvísun frá  sjúkrahúsi

# Samfella og öryggi



# Samhæfingaraðilinn eða ráðgjafinn

- Þarf að vera fagaðili t.d. hjúkrunarfræðingur, iðjuþjálfi, sjúkraþjálfari, félagráðgjafi eða sálfræðingur
- Þarf að hafa skilgreindan hluta af sínum vinnutíma til að sinna verkefninu
- 50% - 100% stöðugildi á viðkomandi heilsugæslustöð í 6 mánaða prufuverkefni
- Starfar á heilsugæslustöðinni og heldur þar reglulega teymisfundi

# Tilraunaverkefni í 6 mánuði

- Prufuverkefni verði tvær heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu
  - Leiðsögn frá heilsugæslustöð Hlíðahverfis sem hefur reynslu af svipuðu kerfi
  - Á heilsugæslustöðvunum þarf að vera áhugi og trú á verkefninu
- Undibúningur maí til september 2018
  - Tengiliðurinn þarf að fá þjálfun og forma hlutverkið
  - Kynna vel fyrir öllum fagaðilum í þeim kerfum sem tengjast verkefninu
  - Kynna fyrir þeim sem geta vísað í þjónustuna
- Byrjað 1. október 2018 til 31. mars 2019

# Þeir sem geta fengið þjónustu í tilraunaverkefninu

- 65 ára og eldri með heilsuvanda
- Eru með þjónustu á viðkomandi tveimur heilsugæslustöðvum



# Hvað á viðkomandi að gera?

- Meta og halda utan um þjónustu og þörf
- Leiðbeinir í gegnum velferðarkerfið
- Er málssvari einstaklingsins
- Er í sambandi við meðferðaraðila einstaklingsins
- Tryggir samfellu í þjónustu
- Frumkvæðisskylda, hefur samband svo enginn týnist
- Kynnir sér ástand á sjúkrahúsi og undirbýr heimferð

# Hvað á tengiliðurinn að gera?

- Styður við einstakling og fjölskyldu
- Heldur teymis- og fjölskyldufundi með lykilaðilum úr öllum velferðarkerfum
- Aðgengilegur virka daga t.d. GSM-númer, rafrænt samband
- Nafn tengiliðar er skráð í sjúkraskrá einstaklingsins

# Hver er ágóðinn af lausninni?

- Aukin lífsgæði einstaklingsins
- Aukið öryggi
- Þjónusta við hæfi og úrræði nýtt betur
- Gripið fyrr inn í ef versnum verður á heilsufari
- Minni þörf fyrir bráðaþjónustu eða sjúkrahúsvist
- Minni þörf fyrir stofnanavistun
- Minna álag á ættingja
- Stuðningur við ættingja

# Val einstaklingsins um að þiggja þjónustu

- Getur hætt í þjónustu
- Deyr
- Flytur á stofnun
- Biður um annan tengilið
- Færist á aðra heilsugæslustöð

# Mælingar á árangri

- Fjöldi og skráning úrlausna
- Komur og innlagnir á Landspítala frá viðkomandi hverfum, 6 mánuði fyrir og 3 – 9 mánuðum eftir upphaf verkefnisins
- Ánægja þjónustuþega og fjölskylda
- Ánægja fagaðila sem tengjast verkefninu




# 4. Samþætting rafrænna upplýsingakerfa í öldrunarþjónustu

## Vinnuhópur

Pálmi V. Jónsson
Helga Eyjólfsdóttir
Sólrún Rúnarsdóttir
Vilborg Gunnarsdóttir
Bryndís Hagan Torfadóttir
Margrét Héðinsdóttir
Þórhildur Egilsdóttir



# Hvaða vandamál erum við að leysa?

- Sambandsleysi milli þjónustukerfa

- Kerfin þjóna hvorki skjólstæðingum né þjónustuaðilum
  - Endurtekning upplýsinga
  - Brotakenndar upplýsingar
  - Vantar stöðlun
  - Skortir aðgengi og samfellu upplýsinga milli þjónustustiga

- Vandinn er alltumlykjandi

- Samþætting og stöðlun upplýsingakerfa eykur öryggi notenda heilbrigðisþjónustunnar og minnkar sóun

# Heilsuskrá
## *í þjónustu við fólkið í landinu*

- Fjöldi kerfa samtengd með brúm
  - Heilsugátt gæti verið fyrirmynd

- Heilsuskrá einstaklingsins
  - Á landsvísu
  - Aðgangsstýring sem styður við teymisvinnu
  - Eykur samfellu, traust og öryggi
  - Dregur úr sóun og tvíverknaði
  - Forsenda samþættingu þjónustu á mismunandi þjónustustigum

# Útfærsla

- Verkefnastjórn fyrir landið!
  - Lagaumhverfi
  - Tæknilegar útfærslur
  - Samhæfing mismunandi aðila

- Forsendur
  - Fjármagn
  - Stuðningur á hæsta stjórnsýslustigi

- Tímaáætlun
  - Hefja fjármögnun og útfærslu ekki seinna en í gær!
  - Langtímaverkefni



"ÖLL KERFI UNDIR EINN HATT
* persónuverndarlög
* Skilgr notendur
* Leyfendur
* Tryggja öryggi
* Áhættumat
Lífsskrá
Saga
Heilsuvera
Lotus Notes
Rai kerfin
Félagsleg
Hjúkrun
Aðstandendur
Lækningar
Rafræða
Verkefnastýring
Innleiðing
Lyfjagátt
Therapy
Lyfjaumsjón og gagnsær í lyfjaumsýslu
Afgreiðslukerfi
COMP
① Samræmd sjúkraskrá
tengir saman öll kerfi
* Samskiptaleiðir innan kerfis
– Sjúklingur færist milli þjónustustiga => kerfið gerir viðeigandi þjónustuaðila viðvart
– Spjallrás
– þjónustuúrræði kæmu upp að undangengnu "mati"
* kerfið gefur okkur valkosti í meðferð eða þjónusti
Athugasemd
– Hægt að sækja um úrræði í gegnum kerfið og upplýsingar flyttust automatiskt inn
– Hægt að senda öll gögn rafrænt milli þjónustiga / kerfa og fá staðfestingu
– Skilaboð til notanda ef tími eða heimsókn þjónustuaðila
* Hugsanlega hægt að vinna heilsugátt áfram
Fagaðilar
* Leggur mat á upplýsingar
* tekur ákvörðun á grundvelli þess
* Staðluð gögn
* Áreiðanlegar upplýsingar
* Audveld leit
* Bætt yfirsýn - dregur saman upplýsingar
* Bætt yfirsýn yfir verkefni
* dregur saman upplýsingar
* Fljótur að átta sig á heildarmynd
* Tryggir samfellu
* Upplýsingar berast
Ⓐ skjótt
Ⓑ þjónustuaðila


Lyfjagátt
Therapy
Sögukerfið/heilsugátt
Lífsskrá
Samræmd sjúkraskrá:
tenging tölvukerfa á
öllum þjónustustigum
InterRAI kerfin
Lotus Notes
Heilsuvera
Afgreiðslukerfi
Comp

# Áhersla á ákveðin kerfi og nýsköpunartækifæri

- **Heildrænt öldrunarmat með meðferðaráætlunum og gagnvirkum samskiptum þjónustuaðila á öllum stigum**

- **Lífsskrá einstaklinga**

- **Rafrænt lyfjakort**

# Heildrænt öldrunarmat með meðferðaráætlunum: InterRAI heimaþjónustukerfi

- Innleiðing á landsvísu
  - Fyrst í Reykjavík, næst á höfuðborgarsvæði, síðan á landsvísu

- Ávinningur
  - Upplýsingar ferðast með einstaklingi: *samfélag* ↔ *sjúkrahús* ↔ *hjúkrunarheimili*
  - Heldur utan um viðfangsefni
  - Gefur gæðavísa

- Grundvöllur að greiningu markhópa

- Nýsköpunartækifæri
  - o Greiningarmóttaka
  - o Samhæfð heimaþjónusta

# Heildrænt öldrunarmat með meðferðaráætlunum: InterRAI heimaþjónustukerfi

- Mynda og fjármagna verkefnastjórn
- Finna verkefninu heimili

- **Nýsköpunartækifæri:**
  - Grundvöllur að fjarlækningum á landsvísu
  - Tenging við yfirlit úrræða og samskiptakerfi milli þjónustuaðila

# Lífsskrá

## *Rödd þegnanna heyrist á ögurstundu*

- Ávinningur: Valdstyrking einstaklinganna

- Núverandi staða
  - Var eingöngu til á pappír og lögð til hliðar

- *Tillaga*
  - Rafræn skráning
  - Tenging við meðferðarmarkmið, sem útfærð eru á sjúkrahúsi
  - Staðsetja í Heilsuveru

Stofna vinnuhóp nú þegar og fjármagna verkefnið

- Endurmeta og aðlaga
- Rafvæða
- Útfæra samtalið við fólkið í landinu

# Rafrænt lyfjakort

- Ávinningur:
  - Aukið öryggi í lyfjanotkun aldraðra
  - Grundvöllur að reglulegri lyfjaendurskoðun

- Núverandi staða:
  - Ekkert heildstætt og áreiðanleg yfirlit til yfir lyfjanotkun einstaklinga

- *Tillaga*
  - Koma á rafrænu lyfjakorti
  - Vinna þar mikla frumvinnu í uppfærslu
    - Lagaumhverfi
    - Samskipti lækna á milli
    - Hver er ábyrgur fyrir lyfjakortinu?

  - Ein tillaga: klínískir lyfjafræðingar inn á allar heilsugæslur sem bæru ábyrgð á lyfjakortinu

# Hver er ágóðinn af samþættri sjúkraskrá „Heilsuskrá“

- Eykur öryggi og bætir lífsgæði eldri borgara
- Eykur gæði þjónustunnar
- Minnkar sóun í þjónustuferlinu
  - Betri nýting tíma og þekkingar mannafla
  - Kemur í veg fyrir ofvinnslu og endurtekningar
  - Minnkar ofskráningu